

Tillaga 3 um breytingu á umferðarhraða á Seljalandsdalsvegi 637-01

Meðfylgjandi er tillaga þjónustudeildar númer 3 um breytingu á hámarkshraða á Seljalandsdalsvegi við Ísafjörð.

Tillaga 3 gerir ráð fyrir að hækka hámarkshraða á Seljalandsdalsvegi 637-01 úr 30 km/klst. sem er hámarkshraði á veginum í dag í 50 km/klst. frá stöð 245 að stöð 3400 þar sem vegur endar. Þá skal setja upp merki um hættulegar beygjur, A01.21, undirmerki um fjarlægð að upphafi hættusvæðis og að lokum þess, J02.11 og merki um 30 km leiðbeinandi hámarkshraða, J09.30 í stöðvum 2360 og 2700. Tenging neðan vegar í grennd við stöð 200 verður lokað.

Tillagan er gerð að beiðni vestursvæðis en þarna er mikið útivistarsvæði og mikið af hjólandi, gangandi og hlaupandi vegfarendum og auk þess eru mjög brattir fláar niður.

Hvað varðar spurningu um það hvort umræddur vegur sé innan eða utan þéttbýlis þá er skilgreining Pálma Þórs Sævarssonar svæðisstjóra vestursvæðis Vegagerðarinnar á því máli eftirfarandi: „Vegurinn er að hluta til innan skilgreinds þéttbýlis sbr. Þéttbýlisuppdrátt í skipulagi en það er engin byggð við þennan veg. Hins vegar er umferð gangandi og hjólandi þarna upp á skíðasvæðið.“

Fyrir vegi innan þéttbýlis gildir 84. gr. Umferðarlaga sem hljóðar svo: „Hraðamörk á þjóðvegum í þéttbýli skulu ákveðin að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og lögreglu. Á öðrum vegum ákveður sveitarstjórn hraðamörkin að fenginni umsögn lögreglu.“

Þar sem svo háttar að vegur telst bæði utan og innan þéttbýlis má telja eðlilegt að áður en að framkvæmd kemur skuli liggja fyrir samþykki allra aðila, sveitarfélags, lögreglu og veghaldara sem er Vegagerðin.

Gert í september 2020

Guðmundur Ragnarsson
verkefnastjóri
Þjónustudeild



Mynd 1

Tillaga 3 hefur fengið umfjöllun umferðardeildar og vestursvæðis sem gera ekki athugasemd við hana. Sjá myndir af tölvupóstum.

RE: Tillaga 3 um breytingu á umferðarhraða á Seljalandsdalsvegi 637-01

Þú: Pálmi Þór Sævarsson - VG
Til: Guðmundur Ragnarsson - VG, Auður Þóra Árnadóttir - VG

Svara Svara öllum Framsenda
Þri. 22.9.2020 20:03

Þessi tillaga er samþykkt af hálfu Vestursvæðis, skýnsamlegt er að færa 50 breytinguna í stöð 245

Bestu kveðjur

Pálmi Þór Sævarsson
Svæðisstjóri
Vestursvæði
Regional Director
West Region
+354 522 1510
+354 843 4902
Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration
Borgarbraut 68, 310 Borgarnes
vegagerdin.is

Held reyndar að þetta sé tillaga 4 en það skiptir ekki máli. (RE: Tillaga 3 um breytingu á umferðarhraða á Seljalandsdalsvegi 637-01)

Þú: Auður Þóra Árnadóttir - VG
Til: Guðmundur Ragnarsson - VG

Svara Svara öllum Framsenda
Þri. 15.9.2020 11:41

Sæll Guðmundur,

Umferðardeild gerir ekki athugasemdir við þessa nýjustu tillögu. Það er til bóta að hækka ekki leyfilegan hámarkshraða úr 30 km/klst. í 50 km/klst. fyrir en í stöð 245 á vegi 637-01. Umferðardeild leggur enn til að tengingu neðan vegar í grennd við stöð 200 verði lokað.

Kveðja,
Auður

Auður Þóra Árnadóttir
forstöðumaður umferðardeildar
Umferð og umferðaröryggi
Head of Traffic and Road Safety
+354 522 1023
+354 864 0142
Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration
Borgarín 5-7, 105 Reykjavík
vegagerdin.is



Mynd 2. Hraðamerking fyrir svæðið á gatnamótum Seljalandsdalsvegur og Stakkanes. B28.30